

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.
Sveinbjörn Egilsson - P. C. Krossing 1820

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.
Matthias Jochumsson - P. C. Krossing 1820

Moldun

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði, -
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lifi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristí krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.
Hallgrímur Pétursson - Antwerpen 1540



Blessun

Eftirspil
Ave María
Sigvaldi Kaldalóns

Ljóð eftir Hrefnu Sigurðardóttur - Vonin

Vonin vopnið okkar er,
vonin vakir yfir þér.
Vonin vermir ár og síð,
vonin varir alla tíð.

*Ljóð eftir Kjartan Th. Ingimundarson
Rós í gördum okkar beggja (ort til Helgu Þóru 26. mars 2001)*

Nú hækkar sól á lofti dag frá degi
og dapurleikinn hverfur burt frá mér.
Mín ósk er sú að sólin okkar megi,
skína líka í garðinum hjá þér.

Og ef svo er þá máttu með mér gleðjast,
og mæta nýjum degi hress og frjáls.
En hafðu vopn þín tilbúin að verjast,
og vonglöð láttu sverfa nú til stáls.

Þegar upp er staðið eftir slaginn,
þú stendur frjáls með pálma í hendi þér.
Og brjóst þitt fullt af birtu allan daginn,
þá blómstrar rós í garðinum hjá mér.

Prestur: *Sr. Örn Bárður Jónsson*
Organisti: *Steingrímur Þórhallsson*
Einsöngur: *Gissur Páll Gissurarson*
Kór: *Voces masculorum*
Umsjón útfarar: *Útfararstofa Kirkjugarðanna*

*Aðstandendur Helgu Þóru bjóða viðstöddum að þiggja veitingar
í safnaðarheimili kirkjunnar.*

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og þann mikla stuðning
sem við höfum fengið undanfarna mánuði í veikindum mömmu.
Sá kærleikur sem við höfum verið umvafin og sem mömmu
hefur verið sýndur er okkur ómetanlegt veganesti.*

Minningarorðin verða birt á vefsíðunni: ornbardur.com



Helga Þóra Th. Kjartansdóttir

Fædd 26. mars 1945
Dáin 10. mars 2014



Útför frá Neskirkju
þriðjudaginn 18. mars 2014

Tónlist leikin á píanó fyrir athöfn

Forspil
Heyr mína bæn
Ólafur Gaukur - Nisa

Signing og bæn

Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert breyta.
Á grænum grundum lætur hann mig hvílast,
leiðir mig að vötnum, þar sem ég má næðis njóta.
Hann hressir sál mína, leiðir mig um rétta vegu
fyrir sakir nafns síns.
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal, óttast ég ekkert illt,
því að þú ert hjá mér,
sprotti þinn og stafur hugga mig.
Þú býrð mér borð frammi fyrir fjendum mínum,
þú smyrð höfuð mitt með olíu,
bikar minn er barmafullur.
Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.
Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert breyta.

23. Davíðssálmur - Margrét Scheving

Ritningarlestur



Einsöngur og kór

Þar sem englarnir syngja sefur þú,
sefur í djúpinu vera.
Við hin sem lifum, lifum í trú
að ljósið hjarta skæra
veki þig með sól að morgni,
veki þig með sól að morgni.

Drottinn minn faðir, lífsins ljós,
lát náð þína skína svo blíða.
Minn styrkur þú ert, mín lífsins rós,
tak burt minn myrka kvíða.
Þú vekur hann með sól að morgni,
þú vekur hann með sól að morgni.

Faðir minn láttu lífsins sól
lýsa upp sorgmætt hjarta.
Hjá þér ég finn frið og skjól.
Láttu svo ljósið þitt hjarta
vekja hann með sól að morgni,
vekja hann með sól að morgni.

Drottinn minn, réttu sorgmæddri sál.
Svala líknarhönd
og slökk þú hjartans harmabál,
slít sundur dauðans bönd.
Svo vaknar hann með sól að morgni,
svo vaknar hann með sól að morgni.

Farðu í friði vinur minn kær.
Faðirinn mun þig geyma
um aldur og ævi þú verður mér nær,
aldrei ég skal þér gleyma.
Svo vöknum við með sól að morgni,
svo vöknum við með sól að morgni.

Bubbi Morthens

Guðspjall

Almennur söngur

Í bljúgri bæn og þökk til þín, sem þekkir mig og verkin mín. Ég leita þín, Guð leiddu mig og lýstu mér um ævistig.	Ég reika oft á rangri leið, sú rétta virðist aldrei greið. Ég geri margt, sem miður fer, og man svo sjaldan eftir þér.
---	---

Sú ein er bæn í brjósti mér,
ég betur kunni þjóna þér,
því veit mér feta veginn þinn,
að verðir þú æ Drottinn minn.

Pétur Þórarinsson - Erlent lag

Minningarorð

Einsöngur
Perhaps love
John Denver

Bæn

Einsöngur
Íslenska konan
Ómar Ragnarsson - Billy Joel

Faðir vor

